

6. gr.

Stjórn Viðlagasjóðs er heimilt í samráði við stjórn Bjargráðasjóðs að bæta tjón, sem orðið hafa af náttúruhamförum eða verða annars staðar á landinu.

7. gr.

Forsætisráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 28. febrúar 1975.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Geir Hallgrímsson.

L Ö G

**um ráðstafanir til að draga úr áhrifum olíuverðhækkana
á hitunarkostnað íbúða o. fl.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Til að draga úr áhrifum verðhækkunar á olíu til hitunar íbúðarhúsnæðis skal á tímabilinu 1. mars 1975 til 29. febrúar 1976 leggja 1% gjald á söluskattsstofn allra sömu aðila og lög nr. 10/1960, um söluskatt, taka til. Gilda ákvæði laga nr. 10/1960, um söluskatt, með áorðnum breytingum, svo og ákvæði reglugerða settra samkvæmt þeim að fullu um álagningu og innheimtu þessa gjalds svo og um aðra framkvæmd. Hækkun sú á útsöluverði vöru og þjónustu, sem hlýst af álagningu þessa gjalds, skal ekki valda hækkun á kaupgreiðsluvisitölu. Kauplagsnefnd skal meta hverju sinni, hve miklu þessi hækkun nemur.

2. gr.

Tekjum af gjaldi því, sem um ræðir í 1. gr., skal varið:

- a) Til að styrkja þá aðila, sem nota olíu til hitunar íbúða sinna, og greiðist á hvern íbúa, sem býr við olíuupphitun, kr. 8 200 á því tímabili, sem um ræðir í 1. gr. Þó skulu lífeyrisþegar, sem njóta bóta samkv. 19. gr. laga um almannatryggingar, og aðrir lífeyrisþegar, sem hafa svipaðar heildartekjur, fá greiddan styrk, sem nemur $1\frac{1}{2}$ styrk einstaklings. Olíustyrkur greiðist hverjum framteljanda til skatts og einnig vegna maka og barna, sem eru á framfæri hans og eigi eru sjálfstæðir framteljendur. Skal hann ekki talinn til tekna við álagningu

tekjuskatts og útsvars. Styrkur þessi skal ekki greiddur til þeirra, sem eiga kost á að tengja íbúðir sínar við hitaveitu á þeim ársfjórðungi, sem styrkur kemur til greiðslu.

- b) Til að styrkja rafveitur að því marki, sem þær nota olíu sem orkugjafa til framleiðslu rafmagns til hitunar íbúða á sölusvæði sínu, þannig að upphitun með rafmagni verði ekki að jafnaði óhagkvæmari en oliukynding.
- c) Til Orkusjóðs til að hraða hitaveitu- og raforkuframkvæmdum vegna hitunar íbúða, að því leyti sem tekjunum er ekki ráðstafað samkv. a- og b-lið þessarar greinar.

3. gr.

Þeim hluta tekna af gjaldi því, sem innheimt er samkvæmt lögum þessum og ráðstafað er til einstaklinga, sbr. a)-lið 2. gr., skal úthlutað fyrir milligöngu bæjar- og sveitarfélaga.

4. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. mars 1975. Frá sama tíma falla úr gildi lög nr. 5 28. febrúar 1974 um álagningu sérstaks gjalds til þess að draga úr áhrifum olíuverðhækkana og lög nr. 47 14. maí 1974, um ráðstafanir til að draga úr áhrifum olíuverðhækkana á hitunarkostnað íbúða.

Gjört að Bessastöðum, 28. febrúar 1975.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Ólafur Jóhannesson.